

68. fundur

Fræðslunefnd hélt fund mánudaginn 10. október 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru úr Fræðslunefnd Björn Sverrisson, formaður, Erna Guðmundsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir og Anna S. Guðmundsdóttir, Gunnar Svanlaugsson og Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjórar, Einar Gunnarsson, fulltrúi kennara, Sólbjört S. Gestsdóttir, fulltrúi starfsfólks leikskóla.

1. Skýrslur skólastjóra.

Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

74 börn eru í leikskólanum í dag, samtals 530 dvalarstundir á dag og er það það mesta sem hefur verið frá fyrri árum.

Og skiptist það þannig að það eru 45 strákar og 29 stelpur. Bætt hefur verið við 50% starfsmanni eftir hádegi. Fjögur born eiga rétt á sérkennslu og er því sinnt með þeim mannskap sem er til staðar.

Haust og vetrarstarfið er að fullu hafð.Hljómprófin eru hafin á elstu börnunum. Ásta Sigurbjörnsdóttir, talmeinafræðingur kemur tvisvar sinnum fram að áramótum, einnig hefur leikskólinn aðgang að sálfræðingi og names- og kennsluráðgjafa.

Skoðunarkönnun var gerð í haust um hvort byrja ætti 7:30 að morgni og voru fáir sem skiluðu inn ósk um það, lágmarkið sem miðað var við var fimm börn. Starfsdagur var föstudaginn 30. september og var hann notaður til skoðunarferðar í tvo leikskóla í Reykjavík.

Leikskólastjóri og matráður skoðuðu einnig eldhúsbúnað og annað starfsfólk skoðaði Barnasmiðjuna, þar sem farið er að huga að innviði nýs leikskóla.

Leikskólastjóri minnti fundarmenn einnig á heimasíðu leikskólans, www.stykk.is/leikskoli þar sem reglulega eru settar inn upplýsingar um starfið í leikskólanum.

Aðalfundur foreldrafélags leikskólans var haldinn um daginn og nýja stjórn skipa nú Eva Guðbrandsdóttir, Ásta Valdís Guðmundsdóttir, Nadine Walter, María Jónasdóttir og Jóhanna María Ríkharðsdóttir.

Farið er inn í veturinn af fullum krafti og skemmtileg starfsemi framundan.

Umræður urðu um starfsemina. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með þessa fjölgun sem hefur orðið í leikskólanum.

Rætt var um mögulega endurskoðun á tímasetningum foreldrafunda, til að ná mögulega fram betri mætingu foreldra á fundi.

Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Starfið gengur almennt mjög vel, flensan hefur þó látið á sér kræla í skólanum bæði hjá nemendum og starfsfólki.

Undirbúningur að lokum haustannar er hafinn, en haustönn lýkur um miðjan nóvember með prófum og námsmati.

Samræmd próf verða í næstu viku hjá 4. og 7. bekk, fimmtudaginn 20.10. verður íslenskuprófið og föstudaginn 21.10. verður prófað í stærðfræði.

Danskennslu lýkur í lok haustannar. Skólastjóri greindi frá því að á miðönn verður söngnám og svo líklegast tjáning á vorönn.

Stjórn foreldrafélags GSS fundar í fyrsta sinn í vetur í dag kl. 18:15. Einnig þarf að huga að skipun foreldraráðs en núverandi ráð hefur setið í þau tvö ár sem kjörtímabilið er.

Flokkun á pappír og þess háttar er hafin í skólanum og verður áfram unnið að mótun í þeim málum. Moltutunnur eru komnar í skólann.

Námsvers vinnan hefur farið ágætlega af stað og verður áfram unnið að skipulaginu þar, en þetta er fyrsta árið sem námsverið starfar.

Formaður greindi frá því að hann hafi farið í skólann og kynnti sér starfsemi námsversins. Lýsti hann ánægju sinni með starfseminum og kallaði eftir álit fulltrúa kennara á starfseminni og greindi Einar frá því sem að þeim snýr.

Fyrirspurn kom fram um starfsemi foreldraráðsins hvort að mögulegt sé að einn fulltrúi sitji áfram svo ekki sé algjör endurnýjun í hvert sinn. Skólastjóri kannar það mál.

Umræður urðu einnig um danskennsluna. Almenn ánægja virðist vera með þá nýjung að dansinn sé skylda hjá 1.-6. bekk.

Rætt var um lélega mætingu á foreldrafundi. Hvaða leið sé hægt að fara til að gera úrbætur í þeim málum.

Einnig rætt um söngkennsluna á miðönninni.

Einnig rætt um moltumálin og flokkun á pappír og þess háttar.

2. Húsnæðismál – stefnumörkunarþing.
Skólastjóri lýsti ánægju sinni með vinnuna á stefnumótunarþinginu sem haldið var fimmtudagskvöldið 6. október sl.
Formaður lýsti einnig ánægju sinni með þingið og greindi frá ýmsum punktum sem fram komu á þinginu. Fram kom ánægja um samhljóminn sem var meðal þátttakenda á þinginu.
Stefnumörkunarnefndin á að skila af sér fyrir 1. nóvember nk.
Skólastjóri greindi frá því að mikil jákvæðni er meðal starfsmanna grunnskólans um þessa vinnu sem nú er hafin.
Umræður urðu um þennan málaflokk.
3. Önnur mál.
Einar greindi frá kynningarfundum á nýju námsefni í stærðfræði fyrir foreldra yngstu bekkja í stærðfræði sem hafa skilað góðum árangri. Reynt er að koma til móts við hvern nemanda í tengslum við þetta nýja námsefni.
Einar ræddi einnig stærðfræði í leikskólanum. Áætlað er að halda kynningarfund í leikskólanum með svipuðu sniði og gert hefur verið í grunnskólanum.
Einar greindi frá því að hann fær stærðfræðikennaranema til sín frá 17.10.-17.11. sem mun starfa með honum í stærðfræðinni. Lýsti hann ánægju sinni með að annar fagkennari í stærðfræði sé væntanlegur á Snæfellsnesið.

Einar greindi einnig frá því að verið er að prufa nýjar leiðir í stærðfræðikennslunni nú í haust. Heimanám verði minnkað, og vinnunni stýrt þannig að álagið verði minna heima og meira í skólanum.

Einnig greindi hann frá ráðstefnu í menntamálum sem var um liðna helgi þar sem fram kom að lestur hjá börnum sé allt of lítill. Þetta kemur m.a. fram í stærðfræðinni að nemendur hafa ekki nógu góða undirstöðu í lestri og þarf að huga að því að gera úrbætur í þeim málum.

Formaður spurði um svona ráðstefnurvinnu, hvernig unnið sé úr því innan skólans í framhaldinu. Skólastjóri svaraði því.

Umræður urðu um heimanám, ánægja kom fram með að hugað sé að því að minnka heimanám. Einnig rætt um heimanámsaðstoð.

Rætt áfram um læsi, barna og fullorðinna.

Fundi slitið kl. 18:18.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.